



---

# Siðareglur Ölgerðarinnar

---

Grjóthálsi 7-11 | 110 Reykjavík, Iceland | Tel +354 412 8000 | [olgerdin@olgerdin.is](mailto:olgerdin@olgerdin.is) | [www.olgerdin.is](http://www.olgerdin.is) | Vsk.nr. 11211 | Kt. 420369-7789

Siðareglurnar eru hornsteinn í starfsemi Ölgerðarinnar, þær byggja á gildum fyrirtækisins og gilda fyrir alla starfsmenn, umboðsmenn og aðra sem koma fram fyrir hönd Ölgerðarinnar.

Yfirstjórn og stjórnendum ber að sýna gott fordæmi og fylgja þessum reglum í hvívetna ásamt því að kynna þær vel fyrir sínu starfsfólki.

Siðareglurnar eru skrifaðar frá sjónarhorni starfsmanna og eru ætlaðar til að leiðbeina okkur við dagleg störf. Þær eru ekki tæmandi listi heldur frekar greinargóður rammi sem við getum nýtt okkur ásamt okkar bestu dómgreind þegar álitamál koma upp.

## Jákvæðni

Við erum eitt lið með sterka liðsheild sem leggur sig fram um að búa til góðan og uppbyggjandi starfsanda. Við sýnum hvort öðru virðingu, sanngirni og tókum tillit til allra sjónarmiða.

Við gætum jafnræðis í störfum okkar og mismunum fólki aldrei vegna kyns, kyngervis, kynhneigðar, kynvitundar, kynferðis, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar eða annarra ómálefnalegra þátta.

Við tókum ekki með nokkrum hætti þátt í einelti, kynbundinni- og kynferðislegri áreitni eða öðru ofbeldi og upplýsum um slíka hegðun ef við verðum vör við slíkt.

Við tókum öllum ábendingum frá viðskiptavinum af jákvæðni og notum þær til að bæta þjónustuna

## Áreiðanleiki

Við fylgjum í hvívetna öllum lögum og reglum sem okkur snerta . Við erum heiðarlegt keppnisfólk sem keppir af krafti og styður frjálsa samkeppni.

Við gerum okkur grein fyrir því að orðspor Ölgerðarinnar er mikilvægasta eign fyrirtækisins og við leggjum okkur fram við að vernda og bæta það.

Við gætum þess að upplýsingar sem við veitum séu eins réttar og nákvæmar og kostur er. Við fullyrðum ekki meira en vitneskja okkar gefur tilefni til hverju sinni, heldur viðurkennum hvenær þekking okkar er takmörkuð, öflum okkur upplýsinga, eða vísun fyrirspurnum til viðeigandi aðila. Viðskiptavinir og samstarfsaðilar geta treyst okkur.

## Hagkvæmni

Við látum ekki persónulega hagsmuni hafa áhrif á störf okkar fyrir Ölgerðina.

Við tilkynnum allar boðsferðir eða gjafir sem okkur eru boðnar til yfirmanns og fáum samþykki ef vilji er fyrir að þiggja. Við tilkynnum til yfirmanns öll eign-eða venslatengsl við viðskiptavinir eða birgja. Við tókum ekki ákvarðanir í starfi sem tengjast á einhvern hátt ættingjum eða maka.

Við þiggjum hvorki né bjóðum gjafir, greiða eða aðra umbun sem er til þess fallin að hafa áhrif á sjálfstæði eða hlutleysi viðkomandi.

## Framsækni

Við sýnum frumkvæði og þorum að taka áhættu þegar það á við. Við lærum af mistökum og ætlum alltaf að vera feti framar í þjónustu, nýjungum og vöruúrvali.

Við leggjum okkur fram um að styðja og efla menningu sem byggir á jafnrétti, fjölbreytileika og gagnkvæmri virðingu.

Við höfum sjálfbærni að leiðarljósi, forðumst sóun og leitumst við að starfa af ábyrgð gagnvart umhverfinu og samfélaginu.